



Leiðbeiningar vegna áhorfenda á íþróttaviðburðum



Grundvöllur.

Reglugerð Heilbrigðisráðherra frá 7. september 2020 kveður á um 200 manna fjöldatakmörkun í hverju rými og að í allri starfsemi skuli tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 1 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.

Til að hægt sé að fylgja þessum skilyrðum reglugerðarinnar varðandi áhorfendur á íþróttaviðburðum verður að tryggja að hver áhorfandi hafi 2 fermetra í áhorfendarymi. Til að fara ekki yfir hámarksfjölda 200 í rými þarf áhorfendarymið því að vera a.m.k. 400 fermetrar að stærð. Einnig gilda ákvæði um sér inn og útgang, sér salernisaðstöðu, sér þjónustusvæði og að rýmið sé aðskilið frá öðrum svæðum með girðingu eða öðrum aðskilnaði sem er a.m.k. 2 metrar á hæð eða 2 metra bili sem ekki er hægt að fara yfir. Sé áhorfendarymi minna en 400 fermetrar skerðist hámarksfjöldi áhorfenda sem hægt er að hleypa inn í rýmið. Gera þarf ráð fyrir 2 fermetrum fyrir hvern áhorfanda. Viðkomandi sérsamband skal segja til um leyfilegan fjölda í hverju áhorfendarymi á leikvöllum

Börn fædd 2005 og síðar skulu talin með í þessum tölum*

Andlitsgrímur koma ekki í stað 1 metra reglunnar.

Taflan hér fyrir neðan er til viðmiðunar

Stærð áhorfendarymis í fermetrum	Hámarksfjöldi áhorfenda
50	25
100	50
150	75
200	100
250	125
300	150
350	175
400	200

Börn fædd 2005 og síðar skulu talin með í þessum tölum um hámarksfjölda.*

Viðburðahaldarar athugi að fullorðnir eiga að virða 1 metra regluna frá börnum sem eru þeim ótengd.



Gátlisti sóttvarnarfulltrúa vegna áhorfendasvæða

- Veggspjöld til áminningar um nálægðartakmarkanir sem gilda eru sýnileg
- Aðgengi áhorfenda að handþvottaðstöðu og handspritti er gott
- Inn og útgangar eru vel merktir
- Talið er inn í hvert rými og fylgst með að fjöldatakmörkanir séu virtar
- Útskýrt hefur verið fyrir starfsmönnum/sjálfbóðaliðum að enginn samgangur er heimilaður á milli rýma
- Starfsmenn hafa gott aðgengi að hönskum og spritti
- Starfsmaður leiðbeinir gestum og aðstoðar við að halda 1 metra reglu milli aðila sem ekki eru í nánnum tengslum - hægt er að miða við að sjaldnast séu umfram 4 sem setið geta þéttar saman
- Starfsmaður hefur það hlutverk að fylgjast með að ekki verði hópamyndun fyrir eða eftir leik við inn-/útgang eða á öðrum stöðum
- Skil á milli rýma eru greinilega merkt og afmörkuð - með 2 metra háu skilrúmi eða 1 metra bili sem ekki er hægt að fara yfir og viðeigandi gæsla er viðhöfð.